

## Fyrirspurn

til umhverfisráðherra um gerð vega og vegslóða í óbyggðum.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hvernig hefur lögum nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum, verið framfylgt hvað varðar lagningu vega og vegslóða í óbyggðum sem ekki hefur verið gert ráð fyrir í veg-áætlun?
2. Hvernig hefur þessu verið háttað með vegi sem lagðir hafa verið vegna rannsókna á virkjanasvæðum norðan Vatnajökuls eftir 1. maí 1994?